

Flóamótið 2008

Flóamótið verður að þessu sinni í umsjá Umf. Vöku og fer fram sunnudaginn 31. ágúst á íþróttavellinum við Þjórsárver og hefst stundvíslega kl. 13:30. Mótið er keppni milli Ungmennafélaganna í Flóahreppi og er fyrir alla hressa krakka 14 ára og yngri. Keppt verður í aldursflokkum og eru greinarnar þessar:

10 ára og yngri: 60 m hlaup, langstökk og 400 m hlaup.

11-12 ára: 60 m hlaup, langstökk, kúluvarp og 400 m hlaup.

13-14 ára: 100 m hlaup, langstökk, kúluvarp og 800 m hlaup.

Einnig verður keppt í 10 x 60 m boðhlaupi.

Að loknu móti býður Umf. Vaka öllum mótsgestum upp á léttar veitingar og veitt verða verðlaun fyrir mótið. Allir krakkar á þessum aldri eru hvattir til að koma og taka þátt í skemmtilegu móti og ættu sem flestir foreldrar að koma með börnum sínum til að hvetja og/eða aðstoða við framkvæmdina.

Íþróttanefnd Umf. Vöku

Dagskrá mánaðarins

| | |
|--------------------------------------|---------------|
| Íþróttæfing í Þjórsárveri | 6. ágúst |
| Íþróttæfing í Félagslundi | 12. ágúst |
| Boltaæfing í Þjórsárveri | 12. ágúst |
| Unglingamót HSK í frjálsum | 12.-13. ágúst |
| Íþróttæfing í Þjórsárveri | 13. ágúst |
| Aukaaðalfundur Þjórsárvers | 14. ágúst |
| Umsóknarfrestur um störf í Flóaskóla | 14. ágúst |
| Samhygðar og Vökumót | 16. ágúst |
| Íþróttæfing í Félagslundi | 19. ágúst |
| Boltaæfing í Þjórsárveri | 19. ágúst |
| Íþróttæfing í Þjórsárveri | 20. ágúst |
| Landbúnaðarsýning á Helli | 22.-24. ágúst |
| Íþróttæfing í Félagslundi | 26. ágúst |
| Boltaæfing í Þjórsárveri | 26. ágúst |
| Íþróttæfing í Þjórsárveri | 27. ágúst |
| Sveitarstjórnarfundur | 28. ágúst |
| Reiðtúr Umf. Vöku | 30. ágúst |
| Flóamótið | 31. ágúst |
| Konukvöld í Tré og list | 3. september |



Áveitan



8. tbl, ágúst 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Samhygðar- og Vökumót 2008

Laugardaginn 16. ágúst verður Samhygðar- og Vökumótið haldið við Félagslund. Keppni hefst kl. 13:00 og verða keppnisgreinar með hefðbundnu sniði.

Konur: 100 m, langstökk, hástökk, þrístökk, kúluvarp, kringlukast og 800 m.

Karlar: 100 m, langstökk, hástökk, þrístökk, kúluvarp, spjót kast og 1500 m.

Að móti loknu verður verðlaunaafhending og kaffi í Félagslundi. Fólk er hvatt til að fjölmenna til að taka þátt í eða fylgjast með spennandi og skemmtilegri keppni.

Umf. Samhygð



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá sveitarstjóra

Skrifstofa Flóahrepps

Skrifstofa Flóahrepps hefur fengið nýtt símanúmer, 480-4370. Síminn er opin frá kl. 9:00-13:00.

Gaman er að geta þess að nýr starfsmaður, Guðrún Elísa Gunnarsdóttir, Hóls- húsum, hefur störf í 50% starfi á skrifstofu 1. september n.k.

Skrifstofan verður lokað dagana 5. - 8. ágúst, vikuna eftir verslunarmannahelgi, vegna sumarleyfa og föstudagana 15. og 22. ágúst.

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri verður í sumarfríi frá 6. ágúst til 25. ágúst.

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður fimmtudaginn 28. ágúst og þarf efni að berast a.m.k. tveimur virkum dögum fyrir fund á skrifstofu sveitarfélags.

Frankvæmdir, yfirlit

Þær framkvæmdir sem ákveðið var að fara í við leikskóla og grunnskóla við síðustu fjárhagsáætlunargerð eru langt á veg komnar og eru áætluð verklok fyrir skólabyrjun á hvorum stað.

Í Krakkaborg var brotinn niður veggur milli ehdhúss og geymslu til að stækka aðstöðu í eldhúsi, dúkur var lagður á eldhúsgólf og húsið málað að innan.

Hitarör voru sett í gólf í fjórum herbergjum og nýtt gólfefni sett á gólfín í þeim herbergjum.

Innréttingar voru keyptar og settar saman, bæði í aðstöðu fyrir leikskólanemendur og í eldhús.

Í Flóaskóla voru nokkur lítil rými sem áður hýstu heimavist, sameinuð í rúmgóða kennslustofu með því að brjóta niður vegg á milli herbergja.

Hreinsað var upp úr gólfi, steipt í það aftur og smíðaður stokkur fyrir lagnir. Herbergið verður málað og gólfefni lagt á gólfíð.

Félagar í ungmennafélögum Flóahrepps hafa heldur betur látið hendur standa fram úr ermum en þau hafa unnið að miklum endurbótum í Krakkaborg og Flóaskóla fyrir sveitarfélagið með góðum árangri, m.a. brotið niður vegg, lagt gólfefni, sett saman innréttingar og komið þeim fyrir. Fleiri íbúar í sveitarfélaginu hafa unnið að framkvæmdum en Harpa og Birgir í Langholti sáu um að leggja hitalagnir í gólf í leikskóla.

Unglingavinna var starfrækt í fimm vikur og lauk henni 18. júlí s.l. með grillveislu í Þingborg.

Unglingarnir hafa annast slátt á svæðum sveitarfélagsins, þökulagt við Þingborg, fúavarið pall við Þingborg og sparkvöll í Flóaskóla. Þau hafa einnig slegið kirkjugarðinn í Gaulverjabæ, hreinsað stéttar við Gömlu Þingborg og ýmislegt fleira.

Unglingamót HSK í frjálsum verður haldið á nýja vellinum í Þorlákshöfn dagana 12. og 13. ágúst n.k. og hefst báða dagana kl. 19. Mótið er fyrir keppendur 15-22 ára. Mætum sem flest og þrúfum þennan frábæra völl sem kominn er í Þorlákshöfn!

Vökumenn!

Fjölmönnum á Samhygðar og Vökumót og keppum til sigurs!

Landbúnaðarsýningin á Hellu

Eins og flestir vita verður haldin vegleg Landbúnaðarsýning á Hellu dagana 22. -24. ágúst n.k. Margt verður þar um að vera fyrir unga sem aldna. Fyrir utan sýninguna sjálfa sem verður mjög fjölbreytt og glæsileg verður ýmislegt um að vera sem tengist ungmennafélagsstarfi og verður minnst á það hér.

Á laugardeginum kl. 14:20 verður HSK mót í starfsíþróttum þar sem keppt verður í dráttarvélaakstri og jurtagreiningu. Þátttaka er opin öllum og skráning verður á staðnum. Einnig verður hægt að keppa í n.k. starfsíþrótt sem kallast "hrútaþukl", en það er keppni í að stiga hrúta. Þeir fjölmörgu sem telja sig hafa mikið vit á hrútum hér í Flóa eru hvattir til þátttöku.

Eins og áður hefur komið fram verður Leikdeild Umf. Vöku með atriði á kvöldvökum bæði föstudags- og laugar dagskvöld á stóru útisviði þar sem leikþátturinn um Gilitrutt verður sýndur. Kvöldvökurnar hefjast bæði kvöldin kl. 20:00.

Á sunnudeginum kl. 15:00 verður haldin Bændaglíma Suðurlands þar sem etja kappi færustu glímumenn á svæðinu og jafnvel víðar.

Bændaglíma Suðurlands var síðast haldin í Tungnaréttum árið 2006. Líklegt er að einhverjir glímumenn frá Samhygð og Vöku verði meðal keppenda.

Allar nánari upplýsingar um hátíðina má finna á www.landbunadarsyning.is

FÓ

Frá Umf Vöku

Vökubolir

Ungmennafélagið Vaka hefur fest kaup á bolum fyrir félagsmenn sína. Nokkur ár eru síðan félagið keypti síðast boli af þessu tagi en þetta eru kóngabláir bolir í hefðbundnu sniði með merki félagsins á brjósti. Bolirnir eru bæði á fullorðna og börn, allt frá 2ja ára og upp í XXL.

Allir sem keppa fyrir hönd félagsins á Samhygðar og Vöku mótinu eða á Flóamótinu í ár fá gefins bol. Annars kosta bolirnir 1000 kr og verða til sölu á báðum mótunum og svo hjá gjaldkera í Lyngholti.

Svo er bara um að gera að fjölmenna á mótin, ef ekki til að taka þátt, þá til að hvetja okkar fólk í skemmtilegri keppni.

Stjórn Umf Vöku

Ungmennafélagsreiðtúrinn

Laugardaginn 30. ágúst verður farið í ungmennafélagsreiðtúrinn góðkunna. Hittst verður við Þjórsárver kl 14:00 og þaðan riðið niður Gaflsveg, beygt hjá Grund og riðið að skógræktargirðingunni í Kolsholti. Þar verður drukkið nesti sem reiðmennirnir skaffa sér sjálfir og því næst riðið heim. Ef einhvern langar til þess að koma með en hefur ekki hesta til umráða er hægt að tala við Þorstein Loga í síma 867-4104 og hann bjargar máluðum. Vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Skemmtinefndin

Gönguferðin

Í seinasta fréttabréfi var sagt frá fyrirhugaðri göngu á Heklu en þau plön féllu niður þegar fréttir bárust af því að Hekla væri komin yfir útpenslumörk og ónauðsynleg umferð á henni bönnuð. Við létum ekki deigann síga og þær 7 manneskjur sem voru búnar að skrá sig til fararinnar óku upp í Þjórsárdal og tjölduðu þar um nóttina. Daginn eftir gengum við svo á Miðfell í Hrunamannahreppi sem var bara hin besta skemmtun þó ekki væri það mjög stórt. Ferðinni lauk svo með því að fara í sund í Brautarholti. Þannig að úr þessu rættist alveg ágætlega þrátt fyrir alla útpenslu.

Skemmtinefnd

Íþróttafréttir

Vormót ÍR á Laugardalsvelli 11.6.08

| | | | |
|--------------------|-------------|------------|-----------|
| Haraldur Einarsson | 100 m hlaup | 9.-11 sæti | 12,15 sek |
| | 200 m hlaup | 8. sæti | 24,69 sek |

Vaka hefur átt keppendur á fleiri mótum undanfarið og verða birt úrslit af þeim í næstu Áveitu.

Flokksstjóri unglíngavinnu sumarsins var Birgitta Þóra Sigurðardóttir sem stóð sig með miklum ágætum. Hún verður við störf hjá sveitarfélaginu fram í miðjan ágúst við slátt og fleiri störf.

Á næstunni verður farið í framkvæmdir við gatnagerð í Heiðargerði, iðnaðarsvæði. Það var verktakafyrirtækið Nesity sem var með lægsta tilboðið í verkið en áætluð verklok framkvæmda eru 1. október.

Breyting á aðalskipulagi fyrrum Hraungerðishrepps og fyrrum Gaulverjabæjarhrepps

Á næstunni er reiknað með að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrrum Hraungerðishrepps og fyrrum Gaulverabæjarhrepps.

Það er gert ma.a til að samræma ákvæði í greinargerðum aðalskipulaga alls sveitarfélagsins varðandi stærðartakmörk á frístunda- og íbúðarsvæði, smábýlum og frístundalóðum ásamt nýtingarhlutfalli.

Lagning ljósleiðara

Verið er að hefja framkvæmdir við lagningu ljósleiðarastrengs um sveitarfélagið frá Stokkseyri að Fljótshólum á vegum Mílu ehf. Þessi lögn er framhald nýs sæstrengs, Danice, sem kemur á land á Landeyjasandi. Gert er ráð fyrir að lögnin fylgi vegi að mestu leyti nema þar sem hún kemur til með að liggja að Þjórsá við Fljótshóla. Fyrirhugað er að leggja ljósleiðarastreng og koparstreng í símstöðina við Hamar og með þeirri aðgerð verður kleift að setja ADSL búnað í símstöðina og þannig stytta línulengd á bæji í nágrenni við Fljótshóla.

Veggirðingamál

Á fjórum sveitarstjórnar 28. júlí s.l. var lagður fram undirskriftarlisti bænda sem eru með búffárhald á jörðum sem liggja að þjóðvegi nr. 1 í Flóahreppi með svohljóðandi áskorun:

“Við undirritaðir bændur sem erum með búffárhald á jörðum sem liggja að þjóðvegi nr. 1 í Flóahreppi, förum þess á leit við sveitarstjórn Flóahrepps að hún taki upp viðræður við Vegagerð ríkisins og aðra forystumenn í samgöngumálum, ef þurfa þykir, um breytt fyrirkomulag við uppsetningu og viðhald veggirðinga með þjóðvegi nr. 1 í Flóahreppi. Það er skoðun okkar að veggirðingar séu hluti af vegamannvirki og fyrst og fremst ætlaðar til að verja vegsvæðið sem er hluti jarðanna og hefur verið tekið bótalaust af þeim, veginn og umferðina á honum fyrir umferð búffár.

Því teljum við að Vegagerðinni beri að standa alfarið að uppsetningu og viðhaldi veggirðinganna.”

Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum Vegagerðar hefur Vegagerðin aðeins heimild til að annast og kosta viðhald girðinga meðfram stofn- og tengivegum ef lausaganga búffár er bönnuð við viðkomandi vegkafla.

Sveitarstjórn samþykkti að stefna að því að halda opinn fund síðla hausts með íbúum sveitarfélagsins til að kalla eftir hugmyndum þeirra og skoðunum um banni við lausagöngu búfjár að hluta eða öllu leyti í sveitarfélaginu.

Reiðvegir

Samanber bréf frá Vegagerðinni og bókun sveitarstjórnar frá 19. júní s.l. áttu oddviti og sveitarstjóri fund með fulltrúum Vegagerðarinnar um reiðvegi. Á fundinum kom fram að fyrirhugað er að leggja reiðveg með Gaulverjabæjarvegi í átt að Stokkseyri.

Á fundinum var einnig bent á að skoða þarf viðhald á reiðvegi við Gaulverjabæjarveg frá Glóru að Félagslundi og að leggja þarf reiðveg með Villingholtsvegi.

Einnig að lagfæra þarf aðgengi hestamanna að undirgöngum undir þjóðveg nr. 1 við Þjórsárbrú.

Staðardagskrá 21

Sveitarstjórn hefur samþykkt að óska eftir innleiðingu Staðardagskrár 21 í Flóahrepp. Staðardagskrá 21 er áætlun um þau verk sem vinna þarf í hverju samfélagi til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun á 21 öld, þróun til að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífskilyrði. Þeir sem vilja fræðast meira um Staðardagskrá 21 er bent á vefslóðina www.samband.is/dagskra21.

Flóaáveitan og flóðgáttin

Mánudaginn 24.júní s.l. var farið í ferð til að skoða mannvirki Flóaáveitunnar. Guðni Ágústsson og Árni Johnsen stóðu fyrir ferðinni.

Tilgangur ferðar var að skoða möguleika á að bæta aðgengi ferðamanna að Flóðgáttinni og aðstöðu til að kynningar á mannvirkinu.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að skoða málið með skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og atvinnu-og ferðamálanefnd Flóahrepps.

Rafmagnsmál í Flóahreppi

Í bréfi frá Rarik sem barst sveitarstjórn Flóahrepps sem svar við bréfum og fyrirspurnum vegna rafmagnsmála í sveitarfélaginu, kemur fram að verið er að tengja nýja 3ja fasa strenglagn að Læk, Hróarsholti og Kambi.

Jafnframt að búið sé að undirbúa og mæla fyrir streng frá Villingaholti að Egilsstöðum og Urriðafossi. Áætlun er um að ljúka því verki í ágúst-september.

Einnig að farið verði í endurnýjun á gamalli línu frá Selfossi að Gaulverjabæ og hún sett í jörð. Búið sé að mæla fyrir strenglagn og er áætlað að verkinu ljúki í október-nóvember. Línur að Glóru og Bár verði endurnýjaðar um leið.

Sveitarstjórn hefur sent Rarik bréf til baka þar sem áréttað er að ekki er gert ráð fyrir því að lokið verði við lagningu á 3ja fasa rafmagni í öllu sveitarfélaginu en miðað við fyrirbyggjandi áætlun virðist ekki vera mikil vinna við að ljúka þeirri vinnu.



Lausar stöður við Flóaskóla fyrir skólaárið 2008-2009

Hlutastarf aðstoðarmanneskju í mötuneyti.

Um er að ræða 50% starf, vinnutími er kl. 9:00-13:00 virka daga. Allir nemendur og starfsmenn skólans nota mötuneytið en þar eru máltíðir eldaðar frá grunni alla morgna og stuðst við markmið Lýðheilsustöðvar um skólamötuneyti. Starfið felst m.a. í undirbúningi matmálstíma, aðstoð við eldamennsku, frágang og þrif.

Hlutastarf starfsmanns skólavistunar.

Um er að ræða um það bil 40% starfshlutfall alla virka daga, vinnutími er að jafnaði um 3 tímar á dag eftir að hefðbundnum skóladegi nemenda lýkur. Starfið felst í umsjón og vinnu með blönduðum nemendahópi 6-9 ára nemenda.

Athugið að möguleiki er á því að sami aðili geti gegnt báðum störfunum.

Flóaskóli er rekinn af sveitarfélaginu Flóahreppi í Árnessýslu. Skólinn er staðsettur í kyrrlátu og fallegu umhverfi við Villingaholt. Um 65 nemendur eru í skólanum og fer þeim fjölgandi. Skólastarfið allt er í mikilli þróun og áhersla lögð á öflugan og góðan starfsmannahóp.

Við leitum að metnaðarfullum starfsmönnum sem hafa áhuga á að starfa í góðum skóla og á skemmtilegum vinnustað. Umsækjendur verða að:

- eiga auðvelt með að umgangast börn og unglinga
- vera skipulagðir, stundvísir og snyrtilegir í umgengni
- eiga gott með samskipti við aðra.

Umsóknarfrestur er til 14. ágúst 2008.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Sigurðardóttir skólastjóri, í sínum 486-3360 / 663-5720, netfang kristin@floahreppur.is, og tekur hún jafnframt við umsóknum.

Flóaskóli Flóahreppi 801 Selfoss www.floahreppur.is

Japan að jaskast á sjó og viðurkenna ekki einusinni hræðslu! Ég verð nú samt að viðurkenna fyrir ykkur að mér stóð ekki alveg á sama. Þessi nótt var lengi að líða, vinna sem annars tók 8-10 klst. Tók 20 tíma. Allan tímann stóð áhöfnin á dekkinu og vann, og brosti!

Einu verð ég að skjóta að svona í restina. Þannig er að eðlilega var áhöfnin ekki von að hafa fyrirbæri eins og kvenmann með. Í tvígang lenti ég í því að ætla eftir vakt að fara niður í eldhús og reyna að finna mér ætan bita en gekk þá inn á hóp af berum karlmönnum að koma úr sturtu. Ég er sannfærð um að það verða ekki meiri læti hjá hænum þegar refur kemur inn í hæsnahús heldur en urðu hjá þessu vinum mínum. Eldsnöggt reyndu þeir að fela sig á bak við hvað sem þeir fundu og ef ekki vildi betur þá var það næsti maður! Eftirá gátum við hlegið mikið að þessum uppákomum.

Eftir þennan túr bar ég gríðarlega virðingu fyrir þessum austurlandabúum. Þvílík kurteisi, þolinmæði, sjálfsögun og vinnuelja sem þetta fólk býr yfir. Þessi ferð og fleiri sem ég fór með þeim eru mér ógleymanlegar.

Ég vona að þið hafið notið lestursins. Nú vil ég skora á hana Dísu mágkonu mína á Tanga að skrifa næsta pistil.

Kær kveðja

Þórey á Höfðatúni

Glimufréttir

Mynddiskur af Bikarglímu Samhygðar

Þeir sem hafa áhuga að eignast mynddisk sem tekinn var upp á Bikarglímu Samhygðar nú í vor geta nálgast hann hjá Stefáni í Gerðum fyrir 1000 kr.

Styttist í glímuæfingar

Nú stendur til að endurskipuleggja mótadagskrá Glimusambandsins með það að markmiði að einfalda ferðalög og minnka kostnað við þau. Ef af verður þýðir þetta að keppnistímabilið byrjar fyrr en venjulega en gert verður hlé á keppni yfir hörðustu vetrarmánuðina. Af því leiðir að æfingar glímufólks verða að hefjast fyrr. Æfingaskipulag verður nánar auglýst í næstu Áveitu en gert er ráð fyrir því hefja æfingar fyrir miðjan september.

Skólavistun eftir skólatíma í Flóaskóla

Sveitarstjórn hefur samþykkt að að rekin verði skólavistun í Flóaskóla skólaárið 2008-2009 ef tilskilinn lágmarksfjöldi barna næst.

Sveitarstjórn samþykkti einnig, ef af skólavistun verður, að ráðinn verði starfsmaður við skólavistun í u.þ.b. 40% starf.

Umbun til starfsmanna sveitarfélagsins

Sveitarstjórn hefur samþykkt að umbuna öllum starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega með eingreiðslu sem nemur 70.000 kr. Miðað er við að starfsmaður sé starfandi hjá sveitarfélaginu 1.september 2008 og hafi starfað hjá sveitarfélaginu í a.m.k. eitt ár í 100% starfi.

Aðrir starfsmenn fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Umbun sveitarfélagsins er tilkomin vegna álags og jákvæðrar þátttöku starfsmanna við uppbyggingu sveitarfélagsins og vill sveitarstjórn nota tækifærið og þakka starfsmönnum Flóahrepps fyrir þeirra framlag.

Úr dagbók grenjaskyttu

Grenjaskytta hefur verið að störfum síðan í byrjun júní, með aðstoðarmann.

Mikil vinna hefur verið lögð í að afla upplýsinga um greni og finna þau. Í heild hafa náðst 17 dýr, bæði fullorðin og yrðingar. Þau hafa veiðst í Hjálmholtislandi og á Ragnheiðarstöðum.

Vatnsmál

Ítrekað er að vatnsnotendur í Flóahreppi eru vinsamlegast beðnir um að stilla vatnsnotkun í hóf eins og unnt er með því t.d að láta vatn renna í ílát fyrir hross í úthögum eða kynna sér lausnir til brynningar.

Aukaaðalfundur Þjórsárvers

Aukaaðalfundur Þjórsárvers verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudaginn 14. ágúst kl. 20:30. Efni fundar: Breytingar á rekstri Þjórsárvers, samrekstur félagsheimilanna þriggja í Flóahreppi.

Húsnefnd

Rúllun

Tek að mér að rúlla fyrir bændur. Er með Vicon samstæðu með söxun og netbindingu. Geri tilboð í stærri verk. Útvega plast sjálfur. Upplýsingar í síma 696-8653 eða 486-3390

Sigmar Aðalsteinsson

Unglingalandsmót UMFÍ:

Umf. Vaka átti alls 4 keppendur sem kepptu undir merkjum HSK á Unglingalandsmótinu í Þorlákshöfn þann 1.-3. ágúst sl. og stóðu sig með þrýði. Hér koma fram árangrar þeirra:

| | | | |
|-------------------------|------------|-------------------------------------|----------------------|
| Guðrún Inga Helgadóttir | Spjótkast | 1. sæti | 18,58 m |
| | 60m hlaup | 12. sæti | 9,87sek |
| | langstökk | 8. sæti | 3,35 m |
| | 600m | 7. sæti | 2:15,81 mín. |
| | Hástökk | ? | |
| | kúluvarp | ? | |
| | glíma | 1. sæti í flokki 11-12 ára með 3 v. | |
| Ásrún Halla Loftsdóttir | glíma | 3. sæti í flokki 11-12 ára með 1 v. | |
| Sveinn Orri Einarsson | glíma | 3. sæti í flokki 11-12 ára 3 v. | |
| Arnar Einarsson | 60m hlaup | 12. sæti | 9,16 sek (í undanr.) |
| | 600m hlaup | 12. sæti | 2:04,54 |

Kornskurður

Nú fer að líða að kornslætti og þreskivél Flóakorns farin að hugsa sér til hreyfings. Jón Valgeir Geirsson og Sigmar Örn Aðalsteinsson hafa umsjón með vélinni eins og í fyrra. Keyptur hefur verið nýr kornvals og sýrudæla, sem fylgja vélinni ef menn vilja. Bændur eru hvattir til að pantast sýru tímanlega og standa klárir með flát undir kornið.

Þeir sem vilja fá þreskingu eru beðnir að hafa samband við Jón í síma 892 9719 eða Sigmar í síma 696 8653 sem fyrst, svo hægt sé að skipuleggja sem hagkvæmest vinnubrögð.

Frá Tré og list

Nú stendur yfir sýning á handverki Oddnýjar Kristjánsdóttur frá Ferjunesi.

Hún var þekkt sem skáldkona, en það vissu færri hvað hún var listræn handverkskona.

Oddný var fædd 3. september 1911 og lést í maí 2007.

Sýningin mun standa til 6. september n.k.

Haldið verður sérstakt konukvöld í safninu þann 3. september n.k. frá kl. 20:00. Er öllum konum í Flóahreppi boðið að koma.

Opnunartími Tré og list er frá kl. 13:00 - 18:00 alla daga.

Pistillinn

Komið þið öll sæl og blessuð!

Ég hef ákveðið að segja ykkur sögu frá því ég vann hjá Hafrannsóknastofnun. Þá fór ég í 33ja daga túr með japönsku túnfiskveiðiskipi til að rannsaka túnfisk á Íslandsmiðum. Þetta var spennandi verkefni og í fyrsta skipti, allavega á Íslandi sem kona fór í svona túr. Áhöfnin var allt karlmenn, 12 Japanir og 10 Indónesar.

Þetta var á margan hátt ógleymanleg og sérstök upplifun. Þarna var komið fram við mig af því líkri kurteisi að mér fannst stundum nóg um, það voru bornar í mig gjafir og alltaf var kokkurinn að elda eitthvað sem hann hélt að mér fyndist gott (tókst sjaldnast). Maturinn um borð reyndist mér ansi erfiður, mikið hefði ég viljað gefa fyrir að fá góða kjötsúpu eða annað íslenskt góðgæti. Steikt loðna, túnfiskinnyflakássur, hrár túnfiskur og annað hrátt sjávarfang átti ekki allskostar upp á pallborðið hjá mér. Sérstaklega fór loðnan í mig því þegar var byrjað að steikja hana lagði bræluna um allt skip og þar á meðal inn í klefa til mín. Ég missti allavega tonn af kílóum!

Þarna um borð upplifði ég mikla einangrun, eina sambandið sem ég gat haft í land var með faxesendingum og þar sem enskukunnátta allra um borð var mjög léleg gat ég lítið sem ekkert talað við neinn. Ég man alltaf að á 28. degi þá klappaði 1. stýrimaður á öxlina á mér. Ég var smá tíma að átta mig á afhverju mér leið svona einkennilega á eftir. Málið var að þetta var í fyrsta skipti í 28 daga sem ég hafði verið snert, þessar litlu snertingar sem við öll upplifum dags daglega skipta ótrúlega miklu máli!

Alveg var sérstakt að sjá hvernig undirmenn báru skilyrðislausu virðingu fyrir yfirmönnum, án þess þó að það kæmi út eins og þeir væru kúgaðir heldur var þetta einfaldlega virðing. Japanir eru almennt Búdda trúar og í brúnni voru þeir með Búdda altari, fyrsta verk kokksins á morgnanna var að færa Búdda ný hrísgrjón. Indónesar eru yfirleitt Íslamtrúar en ég sá þá aldrei iðka trú sína. Sama hvort það var Búdda eða Allah sem menn trúðu á þá virtust þeir almennt bera virðingu fyrir trúarbrögðum hvers annars.

Í lok leiðangursins, er við vorum ca. 200 mílur suður af landinum, lentum við í leifum af fellibyl. Varla var stætt um borð og fór vindhraðinn yfir 50 m á sekúndu. Fiskimeistarinn minn (maður sem er æðri skipstjóranum þegar er verið á veiðum) var ekkert að skilja í þessari víkingakonu, að hún skyldi ekki vera hrædd! Hann sagði að ég væri strákastelpa og hló mikið, það er ekki víst að það þyki mjög dömulegt í